

Fundur 25.4.2022 Guðrún Helgadóttir rithöfundur.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Já velkomin.*

Biðst ég velvirðingar á að þrengja mér aftur hér aftur í fund ykkar en mér var sagt að þið þyrftuð á því að halda að fá jarðtengingu og tengjast gömlu jörðinni aftur og er ég orðinn svo asskoti hress að fannst mér nauðsynlegt að segja við ykkur fáein orð og

*Já, endilega.*

Það eru svo margar hugmyndirnar sem vakna að ekki er hægt að vera iðjulaus lengi og það gleður mig svo mikið að hér er allt fullt af fallegum og kátum börnum, heilbrigðum að leik og finnst mér að sumu leiti erfitt að venjast breytingum á umhverfinu og kynnast staðháttum en mikill er munurinn á heilsufari og liðan og það er fyrir mestu og.

*Ertu Guðrún?*

Já, komdu sæll.

*Já mig grunaði það, Helgadóttir.*

*Vertu velkomin, þú ert öll að braggast?*

Já, ég finn það að það eru margir Íslendingar sem hafa áhuga á því að fást við skriftir en leggja ekki í það og velta fyrir sér hvernig hægt er að koma sér að verki og ljúka við verkefni, að fyrst verður maður að rannsaka viðfangsefnið og setja sér takmark og ég fór að fást við erfiðari verkefni síðar en byrjaði á því að halda áfram með þá sagnagerð sem mér var eðlislæg að skemmta eigin börnum og setja mig í þeirra hugarheim.

Þau eru svo hreinskilin og skemmtileg og margt hægt af þeim að læra og ég hef sagt það við fólk hér og minnstist á það meðal ykkar að sá sem ætlar sér að fást við ritstörf eða annað á jörðinni gömlu ætti að byrja á auðveldum verkefnum og færa sig svo upp í það sem er erfiðara.

Hér eru mörg börn og margt sem minnir á jörðina. Það er mjög einkennilegt að hitta foreldra sína í fullu fjöri og spurja spurninga sem maður gleymdi að spurja á unga aldri og hef ég rekist á það hér að margir hafa reynt að bæta úr því sem þeir töldu að hefði mátt betur fara í jarðlífinu gamla og er það æfinlega ánægjulegt þegar hjónabönd haldast þegar komið er yfir móðuna miklu.

En er það eitt af stóru vandamálunum hér að oft þegar hjón eru aðskilin, myndast ný sambönd á þessum nýja hnetti og þarf að vinna úr þeim tilfinningum með margvíslegum árangri og held ég að það takist nú yfirleitt vel að vinna úr því.

Ég vildi nú einnig segja svo litla gamansögu áður en ég hætti af því að ég veit að þið spurðu um minn veikleika, að þegar ég var ung þótti það ekki eins kvenlegt að konur reyktu en stalst ég til þess samt og hér er það svolítið furðulegt að læknsmeðferðir og lífgeislameðferðir eru við þessum kvilla en hef ég afþakkað það enn að minnsta kosti og taldi ég auðvelt að finna þennan varning aftur, sígarettur en þurfti ég lengi að leita og er það ákveðin feluleikur.

En hyggst ég þó ráða bug á þeim vanda og er hægt að fá lífgeislalækningar sem slá á fíknina og mun það duga í öllum tilfellum en það er að mörgu leiti forboðin sæla að endurupplifa fornar minningar og öðruvísi menningin hér get ekki alveg lýst því en það er lítill hópur.

Það er margt sem fylgir þessu já. Það er furðulegt hvað lænavísindin geta margt án þess að beita miklum skurðaðgerðum eða ígripum og er notaður mannshugurinn og samstillingin, kærleikurinn og það sem er kallað lífgeislalækningar og tók ég eftir því áður en ég losnaði af spítalanum að það gat gerst hratt og er hér margt fleira sem vekur furðu mína og hrifningu.

Verð ég að segja frá því síðar en ætla ég nú að kveðja, þakka ég kærlega fyrir og vil ég hvetja alla Íslendinga til að kynna sér þessar kenningar betur og hver veit nema ég hjálpi tilvonandi rithöfundum á jörðinni ef ég verð nógu öflug til þess.

Verið þið sæl og kannski að ég gæti komist síðar, verið þið sæl.

*Þakka ér fyrir og vertu velkomin aftur.*

*Vertu blessuð Guðrún og þakka þér fyrir að koma.*